

12.2.2008

### **Forræðishyggju atvinnurekenda mótmælt: SA semur ekki fyrir BSRB**

Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeirri kröfu sem Samtök atvinnulífsins hafa sett fram á hendur ríkisstjórninni um að hún fylgi þeirri launastefnu sem mótuð verði við samningaborð Samtaka atvinnulífsins. Þessi krafa um forræðisvald atvinnurekenda er ósvífin og ólýðræðisleg því hún byggir á því að hundsáðar verði kröfur sem fram koma frá hendi samtaka opinberra starfsmanna í kjarasamningum þegar þeir losna í vor. Krafan er einnig ósvífin að því leyti að hún byggir á því að launakjör á þeim stofnunum sem nú búa við vaxandi manneklu vegna bágra kjara verði ekki leiðrétt eins og margoft hefur verið látið í veðri vaka af hálfu stjórnvalda að gert verði í komandi kjarasamningum.

Síðan er hollt fyrir SA að hafa í huga að í þjóðfélaginu er ekki samþykki fyrir því að samtök atvinnurekenda hafi á hendi úrskurðarvald yfir kjörum alls launafólks. Í landinu er frjáls samningsréttur og fer því fjarri að hann sé allur á forræði SA.

Standi vilji SA til þess að semja á einu borði um samræmda stefnu þá er það sjálfstæð ákvörðun sem semja verður um. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin enda nokkuð í land að samningar aðildarfélaga BSRB við ríki og sveitarfélög verði lausir.